

Föstudaginn 7. apríl 2000.

Nr. 131/2000.

Olíuverzlun Íslands hf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

gegn

Maríu Óskarsdóttur

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Aðild. Málskostnaður.

Með dómi Hæstaréttar var O dæmt til að greiða E, M og Ó sameiginlega 1.100.000 krónur í málskostnað, eins og um hefði verið að ræða samaðild þeirra að málinu. Á grundvelli dómsins krafðist M fjárnáms hjá O fyrir 366.667 krónum að viðbættum vöxtum og kostnaði. Talið var að vegna ákvæða 2. gr. laga nr. 90/1989 um aðför hefði að öðru óbreyttu ekki verið unnt að fullnægja þessum réttindum E, M og Ó nema þau ættu þar öll í sameiningu hlut að máli, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki þótti unnt að leggja til grundvallar að kröfunni hefði verið skipt í jöfnum hlutföllum milli E, M og Ó, enda lá ekkert fyrir um afstöðu E til þeirrar skiptingar. Þar sem M var ekki heimilt að krefjast fjárnáms upp á eindæmi sitt var ákvörðun sýslumanns um að gera fjárnám fyrir kröfu M felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramír Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. mars 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars 2000, þar sem staðfest var ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. október 1999 um að hafna mót mælum sóknaraðila gegn því að fram nái að ganga fjárnám hjá honum samkvæmt kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess að ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

I.

Mál þetta á rætur að rekja til máls, sem sóknaraðili höfðaði 21. október 1989 á hendur varnaraðila, svo og Einari Þór Kolbeinssyni og Óskari B. Guðmundssyni. Í því máli krafðist sóknaraðili þess að Einar yrði dæmdur til að greiða sér skuld að höfuðstól 6.053.116,80 krónur ásamt nánar tilteknum vöxtum og málskostnaði, en að frádreginni innborgun að fjárhæð 600.000 krónur. Þá krafðist sóknaraðili þess að staðfestur yrði veðréttur fyrir þeirri skuld í fasteignunum að Garðarsbraut 25 og Höfðavegi 8 á Húsavík. Þeirri kröfu var beint að því er varðar fyrrnefndu fasteignina að varnaraðila og Einari, en þá síðarnefndu að Óskari. Mun sú málsaðild hafa verið í samræmi við þinglýstar eignarheimildir. Því máli lauk með dómi Hæstaréttar 21. janúar 1999, sem er birtur í dómasafni þess árs á bls. 173. Var Einar dæmdur til að greiða sóknaraðila 1.800.000 krónur með nánar tilteknum vöxtum, en sýknað var af öllum kröfum þess síðastnefnda um staðfestingu veðréttar. Þá var sóknaraðili dæmdur til að greiða öllum gagnaðilum sínum sameiginlega 1.100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með beiðni, sem barst sýslumanninum í Reykjavík 3. september 1999, krafðist varnaraðili fjárnáms hjá sóknaraðila fyrir skuld að fjárhæð 366.667 krónur að viðbættum nánar tilteknum vöxtum og kostnaði, sem námu alls 44.705 krónum. Um heimild til aðfarar var í beiðninni vísað til fyrrnefnds dóms Hæstaréttar, svo og 1. gr. laga nr. 90/1989. Þegar sýslumaður tók beiðnina fyrir 1. október 1999 mótmælti sóknaraðili því að fjárnám næði fram að ganga. Til þeirra mótmæla tók sýslumaður afstöðu 13. sama mánaðar með þeirri ákvörðun, sem sóknaraðili leitast nú við að fá hnekkt í málinu. Féllst varnaraðili á að sóknaraðili bæri ágreining þeirra þegar undir dóm eftir ákvæðum 14. kafla laga nr. 90/1989, en framkvæmd fjárnáms var frestað um ótiltekinn tíma af þeim sökum.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var sóknaraðila heimilt að beina kröfunum, sem leyst var úr með áðurnefndum dómi 21. janúar 1999, í einu máli að varnaraðila, Einari Þór Kolbeinssyni og Óskari B. Guðmundssyni. Af dómsorði orkar á hinn bóginn ekki tvímælis að þeim var dæmdur málskostnaður í einu lagi úr hendi sóknaraðila, eins og um hefði verið að ræða samaðild þeirra

að málinu, sbr. 1. mgr. 132. gr. sömu laga. Vegna ákvæða 2. gr. laga nr. 90/1989 var því að öðru óbreyttu ekki unnt að fullnægja þessum réttindum varnaraðila, Einars og Óskars á hendur sóknaraðila með fjárnámi nema þau ættu þar öll í sameiningu hlut að máli, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Með áðurnefndri beiðni til sýslumanns leitaði varnaraðili ein síns liðs fjárnáms á grundvelli umrædds dómsorðs, en þó aðeins fyrir réttum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem dæmd var henni, Einari og Óskari. Hvorki verður fundin stoð fyrir slíkri skiptingu fjárhæðarinnar á milli þeirra í dóminum, sem vísað var til sem heimild fyrir beiðni varnaraðila um aðför, né verður hún reist á lögum. Í málatilbúnaði varnaraðila er staðhæft að hún, Einar og Óskar hafi skipt á milli sín í jöfnum hlutföllum þeirri sameign, sem var um kröfuna um málskostnað á hendur sóknaraðila. Sú staðhæfing er í samræmi við málatilbúnað Óskars í máli, sem er rekið samhliða þessu máli á milli hans og sóknaraðila. Um afstöðu Einars til þessa liggur hins vegar ekkert fyrir í málinu. Að því gættu er ekki unnt að leggja til grundvallar að kröfunni hafi verið skipt á þann hátt, sem varnaraðili heldur fram.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, var varnaraðila ekki fært að krefjast fjárnáms upp á eindæmi sitt fyrir kröfu um málskostnað samkvæmt áðurnefndum dómi Hæstaréttar, hvorki fyrir kröfunni í heild né að hluta. Verður ákvörðun sýslumanns, sem deilt er um í málinu, því felld úr gildi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. október 1999 um að hafna mótmælum sóknaraðila, Olíuverzlunar Íslands hf., gegn því að fram nái að ganga fjárnám hjá honum samkvæmt kröfu varnaraðila, Maríu Óskarsdóttur.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars 2000.

Mál þetta var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 12. nóvember sl. Sóknaraðili er Olíuverzlun Íslands hf., kt. 500269-3249, Héðinsgötu 10,

Reykjavík. Varnaraðili er María Óskarsdóttir, kt. 131054-2629, Garðarsbraut 25, Húsavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. október 1999, um að fjárnámsgerð nr. 011-1999-10245 að kröfu varnaraðila máls þessa nái fram að ganga hjá sóknaraðila, verði ógilt og að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að kröfu sóknaraðila um ógildingu ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík frá 13. október 1999, um að aðfarargerð nr. 011-1999-10245 nái fram að ganga, verði hafnað og að ákvörðun sýslumanns standi óhöggðu. Þá krefst varnaraðili þess að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað eftir mati dómsins.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. janúar sl. Gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989, áður en úrskurður var kveðinn upp.

I.

Forsaga máls þessa er sú, að þann 21. janúar 1999 var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands dómur í málinu nr. 411/1997, Olíuverzlun Íslands hf. gegn Einari Þór Kolbeinssyni, Maríu Óskarsdóttur og Óskari B. Guðmundssyni. Í dóminum var Einar Þór, eiginmaður varnaraðila máls þessa, dæmdur til að greiða Olíuverzlun Íslands hf., sóknaraðila í máli þessu, 1.800.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. nóvember 1989 til greiðsludags. Einar Þór, varnaraðili og Óskar voru sýknuð af þeirri kröfu sóknaraðila að nánar tilgreindar fasteignir stæðu til tryggingar kröfu sóknaraðila á hendur Einari Þór samkvæmt veðtryggingarbréfi að fjárhæð 2.000.000 kr., útgefnu á Húsavík 1. mars 1987. Í dómsorði segir einnig: „Aðaláfrýjandi [sóknaraðili máls þessa] greiði gagnáfrýjendum sameiginlega 1.100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Hinn 1. október 1999 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík aðfarargerð nr. 011-1999-10245. Gerðarbeiðandi var María Óskarsdóttir, varnaraðili máls þessa, en gerðarþoli var sóknaraðili, Olíuverzlun Íslands hf. Aðfararbeiðnin kvað á um fjárnám hjá sóknaraðila til tryggingar greiðslu skuldar að fjárhæð 411.372 kr., sem var sundurliðuð þannig:

Höfuðstóll	kr.	366.667
Dráttarvextir til 30. ágúst 1999	kr.	37.105
Fjárnámsbeiðni	kr.	3.500
Fjárnámsgjald í ríkissjóð	kr.	4.100

Auk áfallandi dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags, kostnaðar við gerðina og kostnaðar af frekari fullnustugerðum ef til þeirra kemur.

Aðfararheimildin var áður nefndur hæstaréttardómur, en höfuðstóll kröfunnar miðaðist við þriðjung þess málskostnaðar sem varnaaðila hafði verið dæmdur ásamt framangreindum aðilum.

Við fyrirtöku aðfarargerðarinnar lagði lögmaður sóknaraðila fram mótmæli við framgangi gerðarinnar, sama efnis og höfð eru uppi hér fyrir dómi, með vísan til ákvæða laga um skyldu til samaðildar. Sóknaraðili krafðist þess jafnframt að gerðin næði ekki fram að ganga með því að hann lýsti yfir skuldajöfnuði að fullu við kröfu gerðarbeiðanda og samkröfuhafa hans, með svo miklum hluta af dómkröfu sóknaraðila á hendur Einari Þór Kolbeinssyni, sem til dygði, samkvæmt sama dómi Hæstaréttar. Frestaði sýslumaður gerðinni til ákvörðunar til 8. október 1999. Þá var gerðinni enn frestað til 13. október.

Við fyrirtöku aðfarargerðarinnar þann 13. október mættu umboðsmenn sóknar- og varnaaðila. Sýslumaður bókaði framlagningu á mótmælum sóknaraðila við framgangi aðfarar og svar varnaaðila við þeim. Tilkynnti sýslumaður síðan þá ákvörðun sína að hafna mótmælum sóknaraðila og halda gerðinni áfram. Skuldajafnaðarkröfu sóknaraðila var einnig hafnað á þeim grundvelli að hann ætti ekki aðfararhæfa kröfu á hendur varnaaðila. Lögmaður sóknaraðila lýsti því yfir að hann myndi skjóta ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms og óskaði jafnframt eftir fresti á meðan á meðferð þess máls stæði fyrir dómi. Lögmaður varnaaðila féllst á að gerðinni yrði frestað og var henni frestað ótiltekið.

Framangreindri ákvörðun sýslumanns, um að gerðin skyldi fara fram, var skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur eins og áður greinir.

Á sama tíma og sú aðfarargerð er um er deilt í máli þessu var tekin fyrir, var einnig tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík aðfarargerð nr. 011-1999-10244, en þar var gerðarbeiðandi Óskar Björn Guðmundsson, einn þriggja gagnáfrýjenda hæstaréttarmálsins, en gerðarþoli var sóknaraðili þessa máls. Aðfararbeiðni í seinna málinu var samhljóða þeirri er mál þetta snýst um og komu sams konar mótmæli fram af hálfu sóknaraðila við þá gerð. Mál er rekið samhliða þessu um gildi samhljóða ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík um að láta þá aðfarargerð ná fram að ganga.

II.

Sóknaraðili lýsir málavöxtum á sama hátt og gert er hér að framan, en bendir á, að í forsendum hæstaréttar fyrir málskostnaðarákvörðuninni sé sóknaraðila gert að greiða málskostnað í héraði að teknu tilliti til hluta matskostnaðar, en Einar Þór Kolbeinsson hafi staðið einn að dómkvaðningu matsmanna.

Eftir uppkvaðningu hæstaréttardómsins hafi lögmaður allra gagnáfrýjenda í málinu óskað eftir því að gera upp mismun dómsskuldar Einars Þórs og málskostnaðarins með bréfi dags. 28. janúar 1999 og jafnframt hafi varnaaðili og Einar Þór óskað eftir hinu sama í bréfi dagsettu 26. febrúar s.á. Af hálfu sókn-

araðila hafi verið vel tekið í málaleitan varnaraðila um uppgjör málsins með skuldabréfi, en frágangur uppgjörnsins hafi dregist. Hafi verið sameiginlegur skilningur málsaðila að kröfurnar yrðu ekki slitnar í sundur og hafi hin nýja vending varnaraðila með fjárnámsmáli því sem hér sé til meðferðar algerlega komið sóknaraðila í opna skjöldu.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar um ógildingu ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík aðallega á því, að samkvæmt dómsorði hæstaréttardómsins er sé aðfararheimild í málinu, hafi varnaraðila verið tildæmdur sameiginlegur málskostnaður úr hendi sóknaraðila með öðrum gagnáfrýjendum í málinu, þeim Einari Þór Kolbeinssyni og Óskari B. Guðmundssyni. Eigi því allir gagnáfrýjendur samaðild að málskostnaðarkröfunni, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og hafi þeim verið nauðsynlegt að standa saman að aðfarargerð. Varnaraðili hafi ekki aflað sér umboðs meðkröfuhafa sinna, sem eðli málsins samkvæmt stoði hann þó ekki, þar sem sóknaraðila varði það miklu að samkröfuhafarnir standi saman að aðför vegna skuldajafnaðarheimilda sinna. Sóknaraðili styður þessa málsástæðu við eftirfarandi atriði:

Ákvörðun Hæstaréttar um sameiginlegan málskostnað hafi byggst á 1. mgr. 132. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, þar sem segi að samaðilum skv. 18. gr. skuli að jafnaði dæmdur sameiginlegur málskostnaður. Annað verði ekki lesið úr dóminum en að talið sé að allir gagnáfrýjendurnir hafi verið samaðilar til málskostnaðarins, enda hafi þeir haft sama lögmanninn. Að öðrum kosti hefði þeim hverjum um sig verið tildæmdur málskostnaður eftir ákvæði 2. mgr. 132. gr. s.l.

Krafa allra gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti hafi verið til sameiginlegs málskostnaðar, sbr. kröfugerð þeirra í gagnáfrýjunarstefnu. Málskostnaðinum verði því ekki skipt upp á milli þeirra svo gilt sé gagnvart sóknaraðila.

Varnaraðili sé eigandi aðfararkröfunnar ásamt tveimur öðrum. Nauðsynlegt sé að eigendur kröfunnar standi allir sameiginlega að aðför. Aðför verði ekki skipt upp pro rata milli þeirra svo gilt sé gagnvart sóknaraðila.

EKKI liggja fyrir umboð meðkröfuhafa varnaraðila er heimili honum aðför fyrir þeirra hönd, sem eðli málsins samkvæmt stoði hann þó ekki, þar sem það varði sóknaraðila miklu að samkröfuhafarnir standi sameiginlega að aðför vegna skuldajöfnunarheimilda hans.

Heimild til skuldajafnaðar rökstyður sóknaraðili með því, að innbyrðis uppgjör varnaraðila og meðkröfuhafa hans sé sóknaraðila óviðkomandi og geti hann því nýtt sér kröfur sínar á hendur hverjum þeirra til skuldajafnaðar á móti sameiginlegri kröfu þeirra, enda verði kröfu varnaraðila og meðkröfuhafa hans ekki skipt upp milli þeirra svo gilt sé gagnvart sóknaraðila.

Sóknaraðili heldur því fram, að skuldajöfnuðurinn sé honum enn fremur

heimill, þar sem varnaraðili hafi þegar viðurkennt að aðfararkrafan sæti skuldajöfnuði við kröfu sóknaraðila á hendur Einari Þór Kolbeinssyni. Það hafi varnaraðili gert annars vegar með bréfi sínu og Einars Þórs til sóknaraðila dagsettu 26. febrúar 1999 og hins vegar með bréfi lögmanns varnaraðila til lögmanns sóknaraðila dagsettu 28. janúar sama ár.

Sóknaraðili fellst ekki á að ganga megi út frá því að krafan skiptist jafnt á milli gagnáfrýjendanna í hæstaréttarmálinu. Í forsendum Hæstaréttar fyrir dómnum sé tiltekið að málskostnaður sé ákvarðaður m.a. að teknu tilliti til hluta matskostnaðar í héraði. Fyrir liggir að Einar Þór Kolbeinsson hafi staðið einn að dómkvaðningu matsmannanna. Kröfur varnaraðila hafi eingöngu lotið að því að fá hnekkt gildi tryggingarbréfs að fjárhæð 2.000.000 kr., en þungamiðja málsins hafi lotið að kröfu sóknaraðila á hendur Einari Þór Kolbeinssyni til greiðslu á rúmum 6.000.000 kr. Meginhluti málskostnaðar gagnáfrýjanda hafi því tilfallið vegna hans.

Að lokum skorar sóknaraðili á varnaraðila að leggja fyrir dóminn sundurliðaðan málskostnaðarreikning lögmanns síns vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti og héraðsdómi, þar sem sérstaklega verði sundurgreind vinna hans fyrir hvern gagnáfrýjanda til þess að unnt verði að gera sér grein fyrir réttmæti þess að málskostnaði sé skipt milli gagnáfrýjendanna pro rata.

III.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar þær athugasemdir við málsatvikalýsingu sóknaraðila, að lýsing hans á samskiptum aðila eftir að dómur Hæstaréttar féll eigi ekki við rök að styðjast. Hið rétta sé að varnaraðili ásamt öðrum gagnáfrýjendum og lögmanni þeirra hafi óskað eftir því að gengið yrði til samninga um lausn í málinu eins og framlögð bréf frá 28. janúar og 26. febrúar sl. sýni. Í þeim bréfum hafi hins vegar ekkert komið fram um að málskostnaðarkrafan yrði ekki slitin í sundur eða að boðið yrði upp á skuldajöfnuð eða honum lýst yfir. Jafnframt sé það rangt að vel hafi verið tekið í óskir gagnáfrýjenda um samningaviðræður. Hið rétta sé að sóknaraðili hafi vísað á lögmann sinn, sem aldrei hafi svarað erindum gagnáfrýjenda. Gagnáfrýjendur hafi tekið þá ákvörðun að skipta málskostnaðarkröfunni á milli sín þannig að hver um sig hafi fengið þriðjung kröfunnar í sinn hlut. Þar sem ekki hafi náðst samningar í málinu og þar sem málskostnaðarkrafan hafi ekki verið greidd, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, hafi verið krafist fjárnáms fyrir kröfunni hjá sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir því að um skyldu til samaðildar varnaraðila með öðrum gagnáfrýjendum að málskostnaðarkröfu í hæstaréttarmálinu nr. 411/1997 í skilningi 18. gr. laga nr. 91/1991 hafi verið að ræða við aðfarargerðina.

Varnaraðili heldur því fram, að þótt 18. gr. gildi ekki um aðför, hafi verið

talið að rétt væri að beita grunnreglu ákvæðisins um aðfarargerð, sé atvikum þannig háttáð að samaðild væri nauðsynleg ef um dómsmál væri að ræða. Samkvæmt gagnályktun frá þessu sé ekki þörf á samaðild að aðfarargerð í þeim tilvikum þar sem sýnt sé fram á að slíkt sé ekki nauðsynlegt. Varnaraðili telur, að þegar metið sé hvort samaðild sé nauðsynleg eða ekki, verði að líta til efnisréttar í hverju tilviki og þess hvort hægt sé að skilja nægjanlega á milli réttinda aðila. Það sem skipti höfuðmáli sé skiptanleiki réttindanna. Í því tilviki sem hér sé til meðferðar krefjst varnaraðili þess að gerð verði aðför til tryggingar greiðslu hluta varnaraðila af málskostnaðarkröfunni, eða 1/3 hluta hennar og varði aðförin því ekki hagsmuni annarra gagnáfrýjenda. Um sé að ræða skiptanlega fjárkröfu og sé aðförin því lögmæt á grundvelli framangreindra reglna um samaðild. Af þessari sömu ástæðu sé því mótmælt sem fram komi í greinargerð, að varnaraðili hafi þurft umboð frá öðrum gagnáfrýjendum til að krefjast aðfarar.

Varnaraðili heldur því jafnframt fram, að þótt lítið verði svo á að málskostnaðarkrafa gagnáfrýjenda í hæstaréttarmálinu nr. 411/1997 hafi verið sameign gagnáfrýjenda við uppkvaðningu dómsins þá hafi þeir hver um sig haft fulla heimild til þess að slíta sameigninni hvenær sem var eftir uppkvaðningu dómsins, sbr. m.a. 20. kap. kaupabálks Jónsbókar. Um hafi verið að ræða sameign sem unnt hafi verið að skipta án þess að tjón hlytist af. Sóknaraðili hafi ekki bent á nokkuð því til stuðnings að hér sé um óskiptanlega sameign að ræða eða sameign sem ekki sé heimilt að skipta upp.

Hvað varðar eignarhlutfall hvers um sig þá staðhæfir varnaraðili að líta verði svo á, að gagnáfrýjendur eigi jafnan hlut í sameigninni, þar sem ekki sé getið um aðra skiptingu í dómi hæstaréttar. Gagnáfrýjendur hafi skipt eigninni sín á milli þannig að hver hafi fengið í sinn hlut 1/3. Hafi hver um sig full og óskoruð yfirráð yfir þeim hluta málskostnaðarkröfunnar sem í hlut hans hafi komið og sé því heimilt hverjum um sig að krefjast aðfarar fyrir kröfunni. Á þessum grundvelli sé mótmælt þeirri málsástæðu sóknaraðila að það, að Hæstiréttur hafi tekið tillit til matskostnaðar við ákvörðun um málskostnað í málinu, hafi einhver áhrif á skiptingu málskostnaðarkröfunnar eða á rétt varnaraðila til að standa einn að aðför. Verði að líta svo á að gagnáfrýjendur eigi málskostnaðarkröfuna að jöfnu þar sem ekkert sé kveðið á um önnur eignarhlutföll í dómsorði. Hefði ætlun Hæstaréttar verið sú að dæma gagnáfrýjanda Einari hærri málskostnað en öðrum gagnáfrýjendum, hefði það verið tekið skýrt fram.

Varnaraðili mótmælir því alfarið að það varði sóknaraðila miklu að gagnáfrýjendur standi sameiginlega að aðförinni, þ.e. að samaðild sé nauðsynleg, vegna meintra skuldajöfnunarheimilda sóknaraðila. Í fyrsta lagi eigi sóknaraðili ekki skuldajöfnunarrétt gagnvart varnaraðila. Í öðru lagi verði ekki séð að samaðild breyti nokkru um rétt sóknaraðila til skuldajöfnunar. Eigi sóknar-

aðili slíkan rétt geti hann beitt þeim rétti sínum hvort heldur sem er gagnvart öllum gagnáfrýjendum í einu eða hverjum um sig.

Því er jafnframt mótmælt að það að gagnáfrýjendur hafi haft sama lögmánninn í hæstaréttarmálinu breyti einhverju um það hvort um samaðild sé að ræða eða ekki. Það sem máli skipti í þessu sambandi sé eðli réttindanna, en ekki hvort aðilar hafi einn eða fleiri lögmenn. Sama máli gildi um þá málsástæðu sóknaraðila að gagnáfrýjendur hafi gert kröfu til sameiginlegs málskostnaðar.

Varnaraðili telur að á grundvelli framangreindra ástæðna megi ljóst vera að skilyrðum þess að krefjast samaðildar sé ekki fullnægt og sé varnaraðila því fullkomlega heimilt að krefjast aðfarar hjá sóknaraðila án umboðs eða annars atbeina annarra gagnáfrýjenda. Um sé að ræða dæmdan málskostnað og eigi því hver gagnáfrýjenda um sig rétt, samkvæmt lögum um aðför nr. 90/1989, til þess að krefjast fjárnáms hjá sóknaraðila vegna síns hluta málskostnaðarkröfunnar.

Varnaraðili mótmælir því, að sóknaraðili eigi rétt á að lýsa yfir skuldajöfnuði við aðfarargerð þá sem um er deilt í þessu máli. Skilyrðum 40. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, um skuldajöfnuð sé ekki fullnægt, þar sem sóknaraðili eigi enga aðfararhæfa kröfu á hendur varnaraðila eða kröfu sem varnaraðili hafi viðurkennt sem rétta. Þótt sóknaraðili hafi átt rétt á skuldajöfnuði gagnvart einum gagnáfrýjenda, Einari Þór Kolbeinssyni, þá nái sá réttur ekki til hluta hinna gagnáfrýjendanna, þ.á m. varnaraðila. Þetta byggist á því að réttur skuldheimtumanna eins sameigenda nái aðeins til sem nemur brúttóhlutdeildar hans í sameign og hafi sóknaraðili þegar nýtt sér þennan skuldajöfnunarrétt að fullu. Þó svo að gagnáfrýjendum hefði verið skylt að standa sameiginlega að aðför þá hefði skuldajöfnunarréttur sóknaraðila aðeins verið heimill hvað varðar hluta gagnáfrýjanda Einars, en ekki gagnvart varnaraðila eða gagnáfrýjanda Óskari og hluta þeirra í málskostnaði.

Varnaraðili mótmælir því jafnframt að hún hafi viðurkennt eða samþykkt skuldajöfnuð með bréfi til sóknaraðila dags. 26. febrúar 1999 og bréfi lögmanns varnaraðila dags. 28. janúar s.á. Varnaraðili hafi aldrei viðurkennt slíkan skuldajöfnuð og því sé hér um að ræða fullyrðingu frá sóknaraðila sem sé bæði röng og ósönnuð. Í tilvitnuðum bréfum hafi verið óskað eftir því að krafa sóknaraðila á hendur gagnáfrýjanda Einari fengist greidd með tilteknum hætti, en hvergi sé vikið einu orði að málskostnaðarkröfu varnaraðila, hvað þá að lýst hafi verið yfir skuldajöfnuði eða hann heimilaður. Í bréfunum komi eingöngu fram vilji gagnáfrýjenda til þess að ganga til samninga um málið, en engar skuldbindandi yfirlýsingar.

Varnaraðili tekur fram, að jafnvel þótt framangreind bréf yrðu skýrð svo, að varnaraðili hafi verið verið tilbúinn á þeim tíma sem bréfin eru skrifuð til að greiða hluta af dómkröfu sóknaraðila á hendur gagnáfrýjanda Einari með sínum hluta af dæmdum málskostnaði, verði slík yfirlýsing í fyrsta lagi aldrei skýrð

sem bein skuldajöfnunaryfirlýsing, eða að það skapi sóknaraðila sjálfstæðan rétt til skuldajafnaðar. Í öðru lagi hafi engin afstaða verið tekin af hálfu sóknaraðila til sammingsumleitana varnaraðila þannig að þótt bréf varnaraðila yrði skýrt sem tilboð, hafi það aldrei verið samþykkt. Yrði litið á bréfið sem tilboð, hafi tilboðið verið háð því skilyrði að gagnáfrýjandi Einar fengi að greiða dómkröfuna með veðskuldabréfi til 10 ára, en á það skilyrði hafi aldrei verið fallist af hálfu sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir málskostnaðarkröfu sóknaraðila sem of seint fram kominni. Engin málskostnaðarkrafa sé gerð í tilkynningu sóknaraðila um málskot, eins og gera verði kröfu um, sbr. þá meginreglu íslensks réttarfars að kröfur skuli setja fram strax í kæru til héraðsdóms. Varnaraðili segir þessa meginreglu koma skýrt fram, m.a. í 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laga um aðför nr. 90/1989, og sé hún í samræmi við almennar reglur einkamálaréttarfars um það hvenær kröfur skuli koma fram.

Loks hafnar varnaraðili áskorun sóknaraðila um að leggja fram áður nefnda reikninga, þar sem þeir hafi enga þýðingu við úrlausn þessa máls. Í málinu sé verið að fjalla um dæmdan málskostnað úr hendi sóknaraðila til gagnáfrýjenda og breyti uppgjör gagnáfrýjenda og lögmanns þeirra engu þar um.

IV.

Niðurstaða.

Sóknaraðili byggir ógildingarkröfu sína fyrst og fremst á því, að um skyldu til samaðildar hafi verið að ræða með eigendum málskostnaðarkröfu þeirrar er var aðfararheimild við aðfarargerðina sem um er deilt í málinu. Til stuðnings kröfum sínum vísar sóknaraðili til 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skulu þeir eiga óskipta aðild er eiga óskipt réttindi eða bera óskipta skyldu. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. varðar það frávísun máls frá dómi ef þeir sem eiga óskipt réttindi sækja ekki mál í sameiningu, að því leyti sem krafa er höfð uppi um hagsmuni einhvers þeirra sem á ekki aðild að því. Samaðild til sóknar er því ekki nauðsynleg í öllum tilfellum, þó um óskipt réttindi sé að ræða.

Ekki eru ákvæði um skyldu til samaðildar gerðarbeiðenda við aðför í lögum nr. 90/1989, enda er aðfarargerð í eðli sínu einstaklingsbundin fullnustugerð. Þó má gera ráð fyrir því, að samaðild gerðarbeiðenda við aðför geti verið nauðsynleg, sé hvorugur eða enginn aðilanna efnislega bær til að ráðstafa réttindunum, sem málið snýst um, upp á sitt eindæmi. Við úrlausn þess attriðis yrði litið til 18. gr. laga nr. 91/1991, sérstaklega 2. mgr. ákvæðisins, sem áður var vitnað til.

Fallast má á það með varnaraðila að við mat á nauðsyn samaðildar við aðfarargerð verði að gera ráð fyrir því, að væri samaðild stefnenda í einkamáli sem

höfðað væri til greiðslu kröfu, ekki nauðsynleg, sé samaðild ekki nauðsynleg við aðfarargerð sem varðar sams konar kröfu.

Málskostnaður í hæstaréttarmálinu nr. 411/1997 var dæmdur varnaraðila, Einari Þór Kolbeinssyni og Óskari B. Guðmundssyni sameiginlega og var því krafan á hendur sóknaraðila í óskiptri sameign þeirra í upphafi.

Samkvæmt almennum reglum um sameign var varnaraðila og sameigendum hennar heimilt, hvenær sem var, að slíta sameigninni með því að skipta með sér kröfunni með samkomulagi sín á milli og var að því loknu hverju þeirra heimilt að ráðstafa sínum hluta að vild. Ef gengið verður út frá því, að varnaraðili og samkröfuhafar hennar hafi skipt með sér kröfunni, sem þau áttu í óskiptri sameign, þannig að hvert þeirra fengi þriðjung í sinn hlut, verður að ætla að hverju þeirra hafi verið heimilt að sækja sinn hluta kröfunnar á hendur sóknaraðila í sjálfstæðu máli.

Varnaraðili hefur staðhæft að gagnáfrýjendur í hæstaréttarmálinu hafi skipt með sér eigninni í jöfnum hlutföllum. Fallist verður á að sú skipting sé eðlileg og í samræmi við meginreglur um skiptingu eignarhlutfalla í sérstakri sameign, þ.e. að líkur séu fyrir því að þau skuli skiptast jafnt, liggi engar vísbendingar fyrir sem leitt gætu til annarrar niðurstöðu. Forsendur þær fyrir ákvörðun málskostnaðarfjárhæðarinnar, sem sóknaraðili vísaði til, þykja ekki nægja til að sýna fram á að annars konar skipting hefði verið eðlilegri kostur.

Við aðfarargerð þá sem um er deilt í málinu krafðist varnaraðili þess að gert yrði fjármám til tryggingar greiðslu á 411.372 kr., ásamt dráttarvöxtum og kostnaði eins og nánar greinir í aðfararbeiðni. Höfuðstóll kröfunnar var 366.667 kr., en það er nákvæmlega þriðjungur þess málskostnaðar sem varnaraðila var dæmdur ásamt öðrum gagnáfrýjendum í títtnefndum hæstaréttardómi. Eins og áður greinir, var tekin fyrir á sama tíma aðfarargerð, samkvæmt sams konar aðfararbeiðni af hálfu Óskars B. Guðmundssonar á hendur sóknaraðila. Hafa því tveir af þremur sameigendum upphaflegu kröfunnar krafist hvor síns þriðjungs hennar. Það þykir styðja þá fullyrðingu varnaraðila að sameigendur kröfunnar hafi skipt henni með sér eins og að framan greinir.

Ekki verður fallist á að samaðild varnaraðila og upphaflegra samkröfuhafa hennar hafi varðað sóknaraðila miklu vegna skuldajafnaðarheimilda hans.

Skilyrðum 40. gr. laga nr. 90/1989 var ekki fullnægt við aðfarargerðina til að sóknaraðili gæti neytt réttar til skuldajafnaðar við kröfu varnaraðila. Gagnkrafa sóknaraðila er ekki á hendur varnaraðila og ekki verður talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að varnaraðili hafi tekist á hendur ábyrgð á efdum gagnkröfu sóknaraðila. Samkvæmt því var gagnkvæmnisskilyrðum skuldajafnaðar ekki fullnægt með því að sóknaraðili telst ekki hafa átt aðfararhæfa kröfu á hendur varnaraðila við aðfarargerðina. Í bréfum þeim er sóknaraðili vísaði til í málflutningi sínum kemur ekkert það fram sem leitt gæti til gagnstæðrar niðurstöðu gegn

mótmælum varnaraðila. Þó að um samaðild hefði verið að ræða, hefði sóknaraðili, samkvæmt reglum um óskipta sameign, ekki getað lýst yfir skuldajöfnuði gagnvart öðru en hlutdeild Einars Þórs í sameigninni, en þegar þykir hafa verið leitt í ljós að sú hlutdeild hafi ekki verið meiri en þriðjungur. Samkvæmt framangreindu hefur sóknaraðili því enga hagsmuni af því að krefjast samaðildar við aðfarargerðina vegna skuldajafnaðarheimilda sinna.

Þar sem sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á neitt sem leiða ætti til annarrar niðurstöðu, verður því samkvæmt framangreindu fallist á, að varnaraðila hafi verið heimilt að krefjast aðfarar fyrir þriðjungi þess málskostnaðar sem henni var dæmdur ásamt öðrum gagnáfrýjendum í dómi Hæstaréttar frá 21. janúar, 1999, í hæstaréttarmáli nr. 411/1997.

Samkvæmt framanrituðu verður því niðurstaða málsins sú að kröfum sóknaraðila máls þessa er hafnað og ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. október 1999, um að fjárnámsgerð nr. 011-1999-10245 að kröfu varnaraðila máls þessa nái fram að ganga hjá sóknaraðila, er staðfest. Eftir úrslitum málsins þykir rétt að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilegur vera 40.000 kr.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. október 1999, um að fjárnámsgerð nr. 011-1999-10245 að kröfu varnaraðila, Maríu Óskarsdóttur, nái fram að ganga hjá sóknaraðila, Olíuverzlun Íslands hf., er staðfest.

Sóknaraðili, Olíuverzlun Íslands hf., greiði varnaraðila, Maríu Óskarsdóttur, 40.000 kr. í málskostnað.